

ÞINGSKJAL NR. 6

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - ALMANNAHEILLAFÉLÖG**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFI**

54. Sambandsþing UMFI haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórn UMFI að skipa starfshóp í samstarfi við ÍSÍ sem mun fjalla um virðisaukaskattsmál hreyfingarinnar. Hópurinn skoði meðal annars útfærslu þess að fara fram á það við ríkið að íþróttafélög geti fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna kostnaðar við rekstur og starfsemi. Enn fremur fjalli starfshópurinn um virðisaukaskattskyldu á fjáröflunum, sölu auglýsinga og fleira.

1. Endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks hjá félögunum.
2. Tryggja að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð á rekstri, skuldbindingum eða alvarlegum atvikum í starfsemi félaganna.

Greinargerð:

Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin er einn öflugasti sjálfbóðaliðavettvangur landsins og hefur í áratugi verið burðarás í lýðheilsu, uppeldi og félagsstarfi þjóðarinnar. Þrátt fyrir gífurlegt samfélagslegt gildi hreyfingarinnar er rekstrarumhverfi félaganna oft íþyngjandi og ótryggt. Því er brýnt að bregðast við með markvissum ívilnunum.

1. Endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks

Tryggingargjaldið er þungur kostnaður fyrir félög sem þegar starfa á viðkvæmum fjárhagsgrundvelli. Með því að afnema það af launum starfsfólks í íþrótt- og ungmennafélögum væri dregið úr launakostnaði og gert kleift að ráða fleira fagfólk til að styðja við sjálfbóðastarf og efla gæði í starfi.

2. Vernd sjálfbóðaliða

Starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga stendur og fellur með óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða. Núverandi fyrirkomulag getur skapað óvissu um persónulega ábyrgð þeirra ef upp koma rekstrarerfiðleikar eða alvarleg atvik. Nauðsynlegt er að tryggja í lögum að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð, heldur sé ábyrgðin á herðum lögaðila. Þetta mun styrkja öryggi sjálfbóðaliða og hvetja fleiri til þátttöku í stjórnar- og félagsstörfum.

Með þessum ívilnunum er ekki aðeins tryggt að félögin geti staðið undir sífellt vaxandi verkefnum, heldur er líka fjárfest í lýðheilsu, menntun og félagslegri samheldni þjóðarinnar. Samfélagslegur ávinningur af öflugu starfi íþrótt- og ungmennafélaga er margfaldur miðað við þann kostnað sem slíkar aðgerðir mundu hafa í ríkisfjármálum.

Vísað til: Fjárhagsnefndar.

Breytingatillaga samþykkt.